# OFURHUGI

## Sundráð ÍRB Fréttabréf Nóvember 2011

### Frá yfirþjálfara

Nóvember var mjög annasamur mánuður hjá ÍRB og margt skemmtilegt var að gerast bæði í lauginni og utan hennar. Við megum vera ánægð með margt í þessum mánuði. Sett voru 291 met á fjórum vikum – við erum einfaldlega að endurskrifa metakránna í hverju móti!

Þessi grein verður stutt þar sem þið getið lesið um öll mót sem voru á dagskrá í nóvember í þessu fréttabréfi.

Mig langar til að þakka sérstaklega litlum hópi foreldra sem vinnur ötullega fyrir klúbbinn okkar. Þessir foreldrar eru stanslaust að skipuleggja mót, stjórna félaginu, halda við heimasíðunni, sjá um búningamálin og fjáraflanir. Þessir foreldrar, sumir sem vinna gríðarlega mikið, fá sjaldnast hrós. Ég get sagt ykkur það að án þeirra myndir félagið ekki ganga og við myndum ekki geta keyrt mót og aðra viðburði eins og við erum að gera núna.

Bestu þakkir til allra!!!!!!

Til þeirra sem aðeins skutla barninu á æfingu eða koma og horfa á af hliðarlínunni þá hvet ég ykkur til að taka meiri þátt í félaginu og einnig



að taka þátt í að vinna á mótum. Margar hendur vinna létt verk. Næstum allir sem bjóða sig fram til að vinna í sjálfboðavinnu fyrir sunddeildina eiga sjálfir líka fjölskyldur. Allir eru þar á sama báti svo vinsamlega stígið fram og hjálpið til þegar óskað er eftir því. Þannig styrkið þið sundmanninn ykkar og einnig félagið ykkar. Þetta er mjög mikilvægt.



Á síðasta degi Aðventumótsins héldum við veglega veislu. Margir komu með veitingar og góð mæting var í hlaðborðið. Allir nutu þess að borða saman og eiga saman ánægjulega stund. Jólasveinninn kom líka í heimsókn og við þökkum honum fyrir það. Hann vakti mikla lukku meðal yngri sundmannanna.

Nokkrir punktar vegna móta:

1) Vinsamlega láttu þjálfarann vita ef þú ætlar ekki að koma á mótið svo að við séum ekki með auðar brautir á mótinu. Skipulag mótanna verður betra og skilvirkara þegar aðeins þeir sundmenn sem ætla að synda eru í mótaskránni.

2) Tryggið að sundmaðurinn hafi hollan mat, vatn og orkudrykk. Fyrir hvern sopa af íþróttadrykk ættir þú að taka tvo sopa af vatni. Án þessa nær sundmaðurinn ekki sínum besta árangri í keppni. Maturinn er eldsneytið fyrir Ferraría-inn, íþróttadrykkurinn gerir þér kleift að ná þér fyrr eftir sundið og vatnið er fyrir kælingu og er olían sem lætur allt hreyfast.

3) Að lokum, passið að sundmaðurinn fari á réttum tíma að sofa. Ég sé sundmenn svo oft á netinu eftir kl. 23 þrátt fyrir að það sé morgunæfing eða mót daginn eftir. Þetta verður til þess að sundmenn ná ekki að æfa nógu vel og ná ekki sínum besta árangri á mótum. Við verðum að vera klár og átta okkur á því að enginn nær topp árangri ef hann nær ekki að hvílast vel.

Verum skynsöm þegar við undirbúum börnin okkar undir keppni og hámörkum þannig möguleika þeirra til að ná árangri á keppnisdegi.

Að lokum langar mig til að óska öllum gleðilegra jóla og vona að allir eigi frábæran tíma með vinum og vandamönnum um hátíðirnar. Ég hlakka til að hitta ykkur öll á nýju ári.

Gleðileg jól!

Anthony Kattan
Yfirþjálfari ÍRB

### ÍM25

Þetta árið náðu sundmenn sínum besta árangri á ÍM25 miðað við bætingar á tímum sínum en mörg undanfarin ár. 70% sundmanna voru að ná sínum bestu tímum og er það 7% bæting ef miðað er við síðasta ár. Og að sjálfsögðu litu nokkur frábær úrslit dagsins ljós. Jóhanna Júlía vann sitt fyrsta gull á Íslandsmeistaramóti í 200m fjórsundi og það var frábært að sjá hana og Jónu Helenu keppa í úrslitasundinu. Jóna Helena var einnig sterk í þessu sundi og endaði önnur. Við fengum einnig næstum því gull í 400m fjórsundi þar sem Baldvin leiddi 395m af 400m. Baldvin er aðeins 14 ára og á bjarta framtíð í sundinu. Baldvin hlaut silfrið og Jón Ágúst bronsið og í leiðinni bætti Baldvin íslenska drengjametið umtalsvert.



Það voru mörg góð sund og eftirfarandi sundmenn unnu til verðlauna:

Gunnar Örn vann silfur í 100m bringu og brons í 200 fjór.
Jón Ágúst vann brons í 400m fjór.
Baldvin vann silfur í 400m fjór og setti nýtt Íslandsmet í drengjaflokki og einnig setti hann Íslandsmet í drengjaflokki í 200m flugsundi.
Jóna Helena vann silfur í 800m skrið, 200m fjór, 400m fjór og brons í 100m bringu.
Ólöf Edda vann silfur í 100m bringu og 200m bringu og brons í 400m fjór.
Jóhanna Júlía vann gull í 200m fjór og náði 700 Fina stigum fyrir það sund í fyrsta skipti. Hún vann einnig brons í 200m baksundi, 100m flugi og 200m flugi og setti Íslandsmet í þeirri grein í stúlknaflokki.
Stúlkurnar í 4x200m skriðsundi, þær: Ólöf Edda, Jóhanna Júlía, Aleksandra og Jóna Helena fengu svo brons í þeirri grein.

Þrátt fyrir góðan árangur þurfum við enn að vinna í ákveðnum hlutum s.s. nægri hvíld, sundmenn nærist nóg og drekki nægjanlegt vatn og einnig þarf að huga að einbeitingu í hverri grein sem keppt er í.

Vel gert hjá ykkur sundmenn en vinnum í þessum hlutum og gerum jafnvel enn betur næst!

## NMU



Við erum stolt af því að tilkynna að við áttum sex sundmenn sem valdir voru í landsliðið til að keppa á NMU sem haldið er á Íslandi.

Jóhanna Júlía og Ólöf Edda náðu báðar lágmörkum til að synda á mótinu í nokkrum greinum og Gunnar Örn, Kristófer, Jón Ágúst og Aleksandra voru valin vegna góðs árangurs á ÍM25 miðað við viðmiðunartíma.

Þrátt fyrir að Gunnar, Kristófer og Jón Ágúst geti ekki tekið þátt þá hlökkum við til að fylgjast með árangri stúlknanna okkar í einu af sterkasta móti ársins.

Gangi ykkur öllum vel!

## Ferð til Nýja-Sjálands



Þrír af okkar bestu sundmönnum eru að leggjast í langferð til Nýja-Sjálands í heilan mánuð. 6. desember halda Jón Ágúst, Erla og Kristófer til Nýja-Sjálands og munu dvelja hjá sundmönnum þar sem ég þjálfaði um skeið. Þau munu æfa með hópnum úti í einum af stærsta félaginu. Félagið státar af Olympíuförum og er skráð 16 besta liðið og á einnig heimsmeistara. Sundmennirnir munu ekki eingöngu æfa með félaginu heldur munu þeir einnig taka þátt í Aldursflokkameistaramóti í Auckland sem er erfitt svæðisbundið mót sem býður upp á keppni sem ekki er hægt að sjá hér á Íslandi. Þau munu einnig keppa í sjósundi, fara í ferð um landið og taka þátt í ýmsu skemmtilegu eins og að fara á sjóbretti, fara í útilegu, halda jól á ströndinni og keyra um Nýja-Sjáland með fjölskyldunum sem þeir dvelja hjá. Hver sundmaður mun upplifa ferðina á sinn einstaka hátt og við getum svo hlakkað til að bjóða þrjá sundmenn frá Nýja-Sjálandi velkomna til okkar í sumar í júní/júlí. Skemmtið ykkur vel krakkar og við hlökkum til að fá ykkur til baka með nýja reynslu í farteskinu sem þið getið deilt með okkur, sérstaklega um það hvað þarf að gera til að ná árangri sem skuldbundinn sundmaður.

## Aðventumót

Á aðventumótinu okkar voru sett 181 met. Þetta er frábær árangur. Mótið var vel sótt af meðlimum úr Afrekshópi, Framtíðarhópi, Háhyrningum og Sverðfiskum. Það er líka mjög mikilvægt að þakka frábærum foreldrum fyrir að vinna á mótinu í sjálfboðavinnu og gera þetta allt mögulegt. Án vinnu þessara foreldra væri ekki hægt að hafa mót fyrir eitt einasta barn. Svo enn og aftur, komið af áhorfenda-pöllunum og takið þátt í að vinna á mótum svo að við getum haldið áfram að halda mót. Margar hendur vinna létt verk. Og þetta mót var svo sannarlega þess virði að skipuleggja og standa fyrir. Hamingjuóskir til allra sundmannanna sem stóðu sig mjög vel á þessu móti.



## Langsundmót



Í nóvember héldum við tvö langsundmót, eitt í 25m laug og hitt í 50m laug. Þrátt fyrir að veikindi hefðu áhrif á seinna mótið náðist góður árangur á báðum mótum þar sem við erum einfaldlega að endurskrifa öll met félagsins. Tvö Íslandsmet féllu á þessum mótum og margir voru rétt við met og er augljóst að langsund er að þróast hjá ÍRB og þetta er eitthvað sem við verðum að halda áfram að þróa og verða betri í. Það var gaman að sjá unga 9 ára sundmenn synda á þessum mótum sem voru að vinna að því að ná sér í Demanta ofurhuga. Einnig var frábært að sjá Sóleyju Ósk synda 1500m flugsund í 25m braut sem hún synti á 25 mínútum. Til hamingju Sóley! Þú ert kraftakona!

## Sundmenn sem hafa náð í „Target Squad“

Eftirtaldir sundmenn hafa náð markmiðum fyrir næsta hóp og mega æfa með þeim hópi á æfingum sem merktar eru TS á æfingartöflunni. Aðeins má mæta á æfingar merktar TS, ekki aðrar æfingar hjá hópnum.

Þessir sundmenn taka þátt í þessum TS æfingum til að eignast vini í nýja hópnum og til að kynnast hópnum, hvernig hann virkar og kynnist þjálfaranum áður en hann færist upp um jólin.

**Framtíðarhópur í Afrekshóp**
Eiríkur Ingi Ólafsson
Sunneva Dögg Friðriksdóttir

**Háhyrningar í Framtíðarhóp**
Kjartan Óli Guðbjartsson
Diljá Rún Ívarsdóttir
Klaudia Malesa

**Sverðfiskar Vatnerveröld í Háhyrninga**
Andri Sævar Arnarsson
Ingvar Breki Karlsson
Gunnlaugur Björn Guðmundsson
Arna Rún Arnadóttir
Birta Líf Ólafsdóttir
Erna Guðrún Jónsdóttir
Erna Rós Agnarsdóttir
Sigrún Helga Guðnadóttir

**Sverðfiskar Akurskóli í Háhyrninga**
Gabríel Snær Andrason
Joseph Socates Petterle

## Youtube myndbönd mánaðarins

Í hverjum mánuði ætlum við benda á nokkur Youtube myndbönd fyrir sundmenn að skoða og einnig foreldra þeirra Þessi myndbönd munu

sýna eitthvað æðislegt sem þið ættuð að reyna að tileinka ykkur í ykkar sundi.

Næringarfræði fyrir sundmenn – þetta snýst um að vera í meistari í öllu. Meistarar láta ekki kylfu ráða kasti í neinu sem kemur að sundinu.

http://www.youtube.com/watch?v=Pmqr6sD9_RA

Og góð grein um næringu:

http://www.delawareswimteam.com/My%20New%20Pages/Parents/handbook/Nutrition%20and%20Hydration%20Are%20Important.htm

Ef þið finnið frábært myndand sem allir hafa gaman af sendið það þá á mig: adkattan@me.com.

## Met

Þegar kemur að metum þá langar okkur að minnast sérstaklega á Baldvin Sigmarsson sem setti 4 íslensk drengjamet í nóvember og einnig nefna þau Ólöfu Eddu Eðvarðsdóttur, Sunnevu Dögg Friðriksdóttur og Eirík Inga Ólafsson sem settu öll eitt íslenskt aldursflokkamet í mánuðinum.



Hamingjuóskir einnig til sveinasveitarinnar og meyjasveitarinnar sem settu þrjú íslensk aldursflokkamet í 50m laug.

**ÍM25**

| | | |
|---|---|---|
| Jóna Helena Bjarnadóttir | 400 Skrið (25m) | Konur-ÍRB |
| Jóna Helena Bjarnadóttir | 400 Skrið (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóna Helena Bjarnadóttir | 400 Fjór (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Bak (25m) | Konur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Bak (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Bak (25m) | Stúlkur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Bak (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 200 Bak (25m) | Konur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 200 Bak (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 200 Bak (25m) | Stúlkur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 200 Bak (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 50 Flug (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 50 Flug (25m) | Stúlkur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 50 Flug (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Flug (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 200 Flug (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 200 Flug (25m) | Stúlkur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 200 Flug (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 200 Fjór (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 200 Fjór (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Jón Ágúst Guðmundsson | 800 Skrið (25m) | Karlar-Keflavík |
| Jón Ágúst Guðmundsson | 1500 Skrið (25m) | Karlar-Keflavík |
| Jón Ágúst Guðmundsson | 800 Skrið (25m) | Piltar-Keflavík |
| Jón Ágúst Guðmundsson | 1500 Skrið (25m) | Piltar-Keflavík |
| Þröstur Bjarnason | 800 Skrið (25m) | Drengir-ÍRB |
| Þröstur Bjarnason | 800 Skrið (25m) | Drengir-Keflavík |
| Þröstur Bjarnason | 1500 Skrið (25m) | Drengir-ÍRB |
| Þröstur Bjarnason | 1500 Skrið (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 50 Flug (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 50 Flug (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Flug (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Flug (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Flug (25m) | Drengir-Íslands |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Flug (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Flug (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Fjór (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Fjór (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Fjór (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Fjór (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 400 Fjór (25m) | Drengir-Íslands |
| Baldvin Sigmarsson | 400 Fjór (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 400 Fjór (25m) | Drengir-Keflavík |
| Einar Þór Ívarsson<br>Þröstur Bjarnason<br>Jón Ágúst Guðmundsson<br>Kristófer Sigurðsson | 4x200 Skrið (25m) | Piltar-ÍRB |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir<br>Aleksandra Wasilewska<br>Jóhanna Júlía Júliusdóttir<br>Jóna Helena Bjarnadóttir | 4x200 Skrið (25m) | Konur-ÍRB |

**Langsundsmót 25m laug**

| | | |
|---|---|---|
| Jóna Helena Bjarnadóttir | 1500 Skrið (25m) | Konur-ÍRB |
| Jóna Helena Bjarnadóttir | 1500 Skrið (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 1500 Skrið (25m) | Stúlkur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 1500 Skrið (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Kristófer Sirgurðsson | 800 Skrið (25m) | Karlar-Keflavík |
| Kristófer Sirgurðsson | 800 Skrið (25m) | Piltar-Keflavík |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 1500 Skrið (25m) | Telpur-ÍRB |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 1500 Skrið (25m) | Telpur-Keflavík |
| Guðrún Eir Jónsdóttir | 800 Skrið (25m) | Telpur-Njarðvík |
| Baldvin Sigmarsson | 800 Skrið (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 800 Skrið (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 1500 Skrið (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 1500 Skrið (25m) | Drengir-Keflavík |
| Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 1500 Skrið (25m) | Meyjur-ÍRB |
| Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 1500 Skrið (25m) | Meyjur-Keflavík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 800 Skrið (25m) | Meyjur-Njarðvík |
| Sandra Ósk Eliasdóttir | 1500 Skrið (25m) | Meyjur-Njarðvík |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 800 Skrið (25m) | Sveinar-Keflavík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 800 Skrið (25m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 800 Skrið (25m) | Hnátur-Keflavík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 1500 Skrið (25m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 1500 Skrið (25m) | Hnátur-Keflavík |
| Ísól Hanna Guðmundsdóttir | 800 Skrið (25m) | Hnátur-Njarðvík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 1500 Skrið (25m) | Hnátur-Njarðvík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 800 Skrið (25m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 800 Skrið (25m) | Hnokkar-Keflavík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 1500 Skrið (25m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 1500 Skrið (25m) | Hnokkar-Keflavík |

**Aðventumót 25m laug**

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Bak (25m) | Konur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Bak (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Bak (25m) | Stúlkur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Bak (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Flug (25m) | Stúlkur-ÍRB |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Flug (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Flug (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Fjór (25m) | Konur-Keflavík |
| Jóhanna Júlía Júlíusdóttir | 100 Fjór (25m) | Stúlkur-Keflavík |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 200 Flug (25m) | Telpur-ÍRB |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 200 Flug (25m) | Telpur-Keflavík |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 200 Fjór (25m) | Telpur-ÍRB |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 200 Fjór (25m) | Telpur-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 400 Skrið (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 400 Skrið (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 50 Bak (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 50 Bak (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Bak (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Bak (25m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Bak (25m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Bak (25m) | Drengir-Keflavík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 400 Fjór (25m) | Meyjur-Njarðvík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 50 Skrið (25m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 50 Skrið (25m) | Hnátur-Keflavík |
| Ísól Hanna Guðmundsdóttir | 100 Skrið (25m) | Hnátur-Njarðvík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 200 Bringa (25m) | Hnátur-Njarðvík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 400 Fjór (25m) | Hnátur-Njarðvík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 400 Skrið (25m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 400 Skrið (25m) | Hnokkar-Keflavík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 400 Fjór (25m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 400 Fjór (25m) | Hnokkar-Keflavík |
| Guðný Birna Falsdóttir | 400 Skrið (25m) | Snótir-ÍRB |

| | | |
|---|---|---|
| Guðný Birna Falsdóttir | 400 Skrið (25m) | Snótir-Keflavík |
| Arna Rún Arnadóttir | 100 Bak (25m) | Snótir-ÍRB |
| Arna Rún Arnadóttir | 100 Bak (25m) | Snótir-Keflavík |
| Eva Rós Haraldsdóttir | 200 Skrið (25m) | Snótir-Njarðvík |
| Ingvar Breki Karlsson | 400 Skrið (25m) | Snáðar-ÍRB |
| Ingvar Breki Karlsson | 400 Skrið (25m) | Snáðar-Njarðvík |
| Ingvar Breki Karlsson | 100 Bak (25m) | Snáðar-Njarðvík |
| Ingvar Breki Karlsson | 100 Fjór (25m) | Snáðar-Njarðvík |
| Andri Sævar Arnarsson | 200 Skrið (25m) | Snáðar-Keflavík |

| | | |
|---|---|---|
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 4x50 Skrið (25m) | Hnátur-ÍRB |
| Ísol Hanna Guðmundsóttir | | |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | | |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | | |

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 4x100 Skrið (25m) | Hnátur-ÍRB |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | | |
| Ísol Hanna Guðmundsóttir | | |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | | |

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 4x200 Skrið (25m) | Hnátur-ÍRB |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | | |
| Ísol Hanna Guðmundsóttir | | |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | | |

| | | |
|---|---|---|
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 4x50 Fjór (25m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | | |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | | |
| Ísol Hanna Guðmundsóttir | | |

| | | |
|---|---|---|
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 4x100 Fjór (25m) | Hnátur-ÍRB |
| Klaudia Malesa | | |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | | |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | | |

| | | |
|---|---|---|
| Magnús Guðjón Jensson | 4x50 Skrið (25m) | Hnokkar-ÍRB |
| Jakub Cezary Jaks | | |
| Tristan Þór K Wium | | |
| Sigmar Marijón Friðriksson | | |

| | | |
|---|---|---|
| Magnús Guðjón Jensson | 4x100 Skrið (25m) | Hnokkar-ÍRB |
| Jakub Cezary Jaks | | |
| Tristan Þór K Wium | | |
| Sigmar Marijón Friðriksson | | |

| | | |
|---|---|---|
| Magnús Guðjón Jensson | 4x200 Skrið (25m) | Hnokkar-ÍRB |
| Jakub Cezary Jaks | | |
| Tristan Þór K Wium | | |
| Sigmar Marijón Friðriksson | | |

| | | |
|---|---|---|
| Tristan Þór K Wium | 4x50 Fjór (25m) | Hnokkar-ÍRB |
| Jakub Cezary Jaks | | |
| Sigmar Marijón Friðriksson | | |
| Magnús Guðjón Jensson | | |

| | | |
|---|---|---|
| Magnús Guðjón Jensson | 4x100 Fjór (25m) | Hnokkar-ÍRB |
| Jakub Cezary Jaks | | |
| Sigmar Marijón Friðriksson | | |
| Tristan Þór K Wium | | |

**Aðventumót 50m laug**

| | | |
|---|---|---|
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 400 Skrið (50m) | Telpur-ÍRB |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 400 Skrið (50m) | Telpur-Keflavík |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 50 Flug (50m) | Telpur-Íslands |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 50 Flug (50m) | Telpur-ÍRB |
| Ólöf Edda Eðvarðsdóttir | 50 Flug (50m) | Telpur-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 50 Skrið (50m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 50 Skrið (50m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Bringa (50m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Bringa (50m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 50 Flug (50m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 50 Flug (50m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Flug (50m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Flug (50m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Flug (50m) | Drengir-Íslands |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Flug (50m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Flug (50m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 400 Fjór (50m) | Drengir-Íslands |
| Baldvin Sigmarsson | 400 Fjór (50m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 400 Fjór (50m) | Drengir-Keflavík |
| Þröstur Bjarnason | 400 Skrið (50m) | Drengir-ÍRB |
| Þröstur Bjarnason | 400 Skrið (50m) | Drengir-Keflavík |
| Karen Mist Arngerisdóttir | 50 Skrið (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Karen Mist Arngerisdóttir | 100 Skrið (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Karen Mist Arngerisdóttir | 400 Skrið (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Karen Mist Arngerisdóttir | 50 Bak (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Karen Mist Arngerisdóttir | 100 Bak (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Karen Mist Arngerisdóttir | 100 Fjór (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 200 Bak (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 100 Bringa (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 200 Fjór (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 400 Fjór (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Sandra Ósk Elíasdóttir | 200 Bringa (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Sandra Ósk Elíasdóttir | 200 Flug (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 400 Skrið (50m) | Sveinar-ÍRB |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 400 Skrið (50m) | Sveinar-Keflavík |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 400 Fjór (50m) | Sveinar-ÍRB |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 400 Fjór (50m) | Sveinar-Keflavík |
| Anton Vigfús Guðmundsson | 400 Skrið (50m) | Sveinar-Njarðvík |
| Anton Vigfús Guðmundsson | 50 Bak (50m) | Sveinar-Njarðvík |
| Kristján Þórarinn Ingibergsson | 100 Bak (50m) | Sveinar-Njarðvík |
| Kristján Þórarinn Ingibergsson | 200 Bringa (50m) | Sveinar-Njarðvík |
| Anton Vigfús Guðmundsson | 400 Fjór (50m) | Sveinar-Njarðvík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 100 Skrið (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 100 Skrið (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 100 Bak (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 100 Bak (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 200 Bringa (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 200 Bringa (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 200 Flug (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 200 Flug (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 200 Fjór (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 200 Fjór (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 400 Fjór (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 400 Fjór (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 50 Bak (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 50 Bak (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 50 Bringa (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 50 Bringa (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 100 Bringa (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 100 Bringa (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 50 Flug (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 50 Flug (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 50 Skrið (50m) | Hnátur-Njarðvík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 100 Skrið (50m) | Hnátur-Njarðvík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 100 Bringa (50m) | Hnátur-Njarðvík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 200 Bringa (50m) | Hnátur-Njarðvík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 200 Fjór (50m) | Hnátur-Njarðvík |
| Ísól Hanna Guðmundsdóttir | 200 Skrið (50m) | Hnátur-Njarðvík |
| Magnús Guðjón Jensson | 100 Skrið (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Magnús Guðjón Jensson | 100 Skrið (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Magnús Guðjón Jensson | 50 Bringa (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Magnús Guðjón Jensson | 50 Bringa (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Magnús Guðjón Jensson | 100 Bringa (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Magnús Guðjón Jensson | 100 Bringa (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Magnús Guðjón Jensson | 200 Bringa (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Magnús Guðjón Jensson | 200 Bringa (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 200 Skrið (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 200 Skrið (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 400 Skrið (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 400 Skrið (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 50 Bak (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 50 Bak (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 100 Flug (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 100 Flug (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 400 Fjór (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 400 Fjór (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Tristan Þór K Wium | 50 Flug (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Tristan Þór K Wium | 50 Flug (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Gabríel Snær Andrason | 200 Skrið (50m) | Hnokkar-Njarðvík |
| Guðný Birna Falsdóttir | 50 Skrið (50m) | Snótir-ÍRB |
| Guðný Birna Falsdóttir | 50 Skrið (50m) | Snótir-Keflavík |
| Guðný Birna Falsdóttir | 100 Bak (50m) | Snótir-ÍRB |
| Guðný Birna Falsdóttir | 100 Bak (50m) | Snótir-Keflavík |
| Guðný Birna Falsdóttir | 50 Bringa (50m) | Snótir-ÍRB |
| Guðný Birna Falsdóttir | 50 Bringa (50m) | Snótir-Keflavík |
| Guðný Birna Falsdóttir | 100 Bringa (50m) | Snótir-ÍRB |
| Guðný Birna Falsdóttir | 100 Bringa (50m) | Snótir-Keflavík |
| Guðný Birna Falsdóttir | 50 Flug (50m) | Snótir-ÍRB |
| Guðný Birna Falsdóttir | 50 Flug (50m) | Snótir-Keflavík |
| Guðný Birna Falsdóttir | 200 Fjór (50m) | Snótir-ÍRB |
| Guðný Birna Falsdóttir | 200 Fjór (50m) | Snótir-Keflavík |
| Eva Rút Halldórsdóttir | 50 Bringa (50m) | Snótir-Njarðvík |
| Arna Rún Arnadóttir | 50 Bak (50m) | Snótir-ÍRB |
| Arna Rún Arnadóttir | 50 Bak (50m) | Snótir-Keflavík |
| Ingvar Breki Karlsson | 50 Skrið (50m) | Snáðar-ÍRB |
| Ingvar Breki Karlsson | 50 Skrið (50m) | Snáðar-Njarðvík |

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Breki Karlsson | 50 Bak (50m) | Snáðar-Njarðvík |
| Ingvar Breki Karlsson | 50 Bringa (50m) | Snáðar-ÍRB |
| Ingvar Breki Karlsson | 50 Bringa (50m) | Snáðar-Njarðvík |
| Andri Sævar Arnarsson | 50 Skrið (50m) | Snáðar-Keflavík |
| Andri Sævar Arnarsson | 50 Bak (50m) | Snáðar-ÍRB |
| Andri Sævar Arnarsson | 50 Bak (50m) | Snáðar-Keflavík |
| Andri Sævar Arnarsson | 50 Bringa (50m) | Snáðar-Keflavík |

| | | |
|---|---|---|
| Sylwia Sienkiewicz<br>Svanfriður Steingrimsdóttir<br>Ingunn Eva Júlíusdóttir<br>Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 4x100 Skrið (50m) | Meyjur-Íslands |
| Sylwia Sienkiewicz<br>Svanfriður Steingrimsdóttir<br>Ingunn Eva Júlíusdóttir<br>Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 4x100 Skrið (50m) | Meyjur-ÍRB |
| Svanfriður Steingrimsdóttir<br>Ingunn Eva Júlíusdóttir<br>Sylwia Sienkiewicz<br>Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 4x200 Skrið (50m) | Meyjur-Íslands |
| Svanfriður Steingrimsdóttir<br>Ingunn Eva Júlíusdóttir<br>Sylwia Sienkiewicz<br>Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 4x200 Skrið (50m) | Meyjur-ÍRB |
| Ingunn Eva Júlíusdóttir<br>Svanfriður Steingrimsdóttir<br>Sunneva Dögg Friðriksdóttir<br>Sylwia Sienkiewicz | 4x100 Fjór (50m) | Meyjur-Íslands |
| Ingunn Eva Júlíusdóttir<br>Svanfriður Steingrimsdóttir<br>Sunneva Dögg Friðriksdóttir<br>Sylwia Sienkiewicz | 4x100 Fjór (50m) | Meyjur-ÍRB |
| Ingi Þór Ólafsson<br>Kristján Þórarinn Ingibergsson<br>Anton Vigfus Guðmundsson<br>Eiríkur Ingi Ólafsson | 4x100 Skrið (50m) | Sveinar-Íslands |
| Ingi Þór Ólafsson<br>Kristján Þórarinn Ingibergsson<br>Anton Vigfus Guðmundsson<br>Eiríkur Ingi Ólafsson | 4x100 Skrið (50m) | Sveinar-ÍRB |
| Eiríkur Ingi Ólafsson<br>Kristján Þórarinn Ingibergsson<br>Ingi Þór Ólafsson<br>Anton Vigfus Guðmundsson | 4x200 Skrið (50m) | Sveinar-Íslands |
| Eiríkur Ingi Ólafsson<br>Kristján Þórarinn Ingibergsson<br>Ingi Þór Ólafsson<br>Anton Vigfus Guðmundsson | 4x200 Skrið (50m) | Sveinar-ÍRB |
| Eiríkur Ingi Ólafsson<br>Kristján Þórarinn Ingibergsson<br>Ingi Þór Ólafsson<br>Anton Vigfus Guðmundsson | 4x100 Fjór (50m) | Sveinar-Íslands |
| Eiríkur Ingi Ólafsson<br>Kristján Þórarinn Ingibergsson<br>Ingi Þór Ólafsson<br>Anton Vigfus Guðmundsson | 4x100 Fjór (50m) | Sveinar-ÍRB |
| Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir<br>Aníka Mjöll Júlíusdóttir<br>Ísol Hanna Guðmundsóttir<br>Stefanía Sigurþórsdóttir | 4x100 Skrið (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir<br>Aníka Mjöll Júlíusdóttir<br>Ísol Hanna Guðmundsóttir<br>Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 4x200 Skrið (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir<br>Klaudia Malesa<br>Aníka Mjöll Júlíusdóttir<br>Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir | 4x100 Fjór (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Magnús Guðjón Jensson<br>Jakub Cezary Jaks<br>Tristan Þór K Wium<br>Sigmar Marijón Friðriksson | 4x100 Skrið (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson<br>Jakub Cezary Jaks<br>Tristan Þór K Wium<br>Magnús Guðjón Jensson | 4x200 Skrið (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Magnús Guðjón Jensson<br>Jakub Cezary Jaks<br>Sigmar Marijón Friðriksson<br>Tristan Þór K Wium | 4x100 Fjór (50m) | Hnokkar-ÍRB |

**Langsundsmót 50m laug**

| | | |
|---|---|---|
| Kristófer Sirgurðsson | 800 Skrið (50m) | Karlar-Keflavík |
| Kristófer Sirgurðsson | 800 Skrið (50m) | Piltar-Keflavík |
| Guðrún Eir Jónsdóttir | 800 Skrið (50m) | Telpur-Njarðvík |
| Guðrún Eir Jónsdóttir | 1500 Skrið (50m) | Konur-Njarðvík |
| Guðrún Eir Jónsdóttir | 1500 Skrið (50m) | Telpur-Njarðvík |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Flug (50m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 100 Flug (50m) | Drengir-Keflavík |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Fjór (50m) | Drengir-ÍRB |
| Baldvin Sigmarsson | 200 Fjór (50m) | Drengir-Keflavík |
| Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 800 Skrið (50m) | Meyjur-ÍRB |
| Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 800 Skrið (50m) | Meyjur-Keflavík |
| Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 1500 Skrið (50m) | Meyjur-Íslands |
| Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 1500 Skrið (50m) | Meyjur-ÍRB |
| Sunneva Dögg Friðriksdóttir | 1500 Skrið (50m) | Meyjur-Keflavík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 200 Skrið (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 400 Skrið (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 800 Skrið (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Eydís Ósk Kolbeinsdóttir | 1500 Skrið (50m) | Meyjur-Narðvík |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 800 Skrið (50m) | Sveinar-Íslands |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 800 Skrið (50m) | Sveinar-ÍRB |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 800 Skrið (50m) | Sveinar-Keflavík |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 1500 Skrið (50m) | Sveinar-ÍRB |
| Eiríkur Ingi Ólafsson | 1500 Skrið (50m) | Sveinar-Keflavík |
| Anton Vigfús Guðmundsson | 800 Skrið (50m) | Sveinar-Njarðvík |
| Anton Vigfús Guðmundsson | 1500 Skrið (50m) | Sveinar-Njarðvík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 400 Skrið (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 400 Skrið (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 800 Skrið (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 800 Skrið (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 1500 Skrið (50m) | Hnátur-ÍRB |
| Stefanía Sigurþórsdóttir | 1500 Skrið (50m) | Hnátur-Keflavík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 400 Skrið (50m) | Hnátur-Njarðvík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 800 Skrið (50m) | Hnátur-Njarðvík |
| Aníka Mjöll Júlíusdóttir | 1500 Skrið (50m) | Hnátur-Njarðvík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 800 Skrið (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 800 Skrið (50m) | Hnokkar-Keflavík |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 1500 Skrið (50m) | Hnokkar-ÍRB |
| Sigmar Marijón Friðriksson | 1500 Skrið (50m) | Hnokkar-Keflavík |

**Vetrarmót í 50m laug í Atlanta USA**

| | | |
|---|---|---|
| Árni Már Árnason | 100 Bringa (50m) | Karlar-ÍRB |
| Árni Már Árnason | 100 Bringa (50m) | Karlar-Njarðvík |
| Árni Már Árnason | 200 Bringa (50m) | Karlar-ÍRB |
| Árni Már Árnason | 200 Bringa (50m) | Karlar-Njarðvík |

## XLR8 - Breytingar

Eftirtaldir sundmenn hafa færst upp um flokk í XLR8 stigum í þessum mánuði.

**ÍM25**

Svanfriður Steingrímsdóttir – Gull

**Langsundsmót 25m laug**

Alexander Páll Friðriksson – Gull
Steinunn Rúna Ragnarsdóttir – Brons

**Aðventumót**

Sigmar Marijón Friðriksson – Gull
Ingi Þór Ólafsson – Gull
Sylwia Sienkiewicz – Gull
Diljá Rún Ívarsdóttir – Silfur
Klaudia Malesa – Silfur
Gunnhildur Björg Baldursdóttir – Silfur
Arna Rún Arnadóttir – Brons

Maren Rós Sævarsdóttir – Brons

**Langsundsmót 25m laug**

Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir – Gull
Laufey Jóna Jónsdóttir – Gull
Ólafur Garðar Reynisson – Brons

## Ofurhugi - Breytingar

Þessir sundmenn hafa færst upp um stig í Ofurhuga

**Langsundsmót 25m laug**

Erla Sigurjónsdóttir – Demanta
Sóley Ósk Hafsteinsdóttir – Demanta
Jóhanna Júlía Júlíusdóttir – Demanta
Guðrún Eir Jónsdóttir – Demanta
Svanfriður Steingrímsdóttir – Demanta
Ingunn Eva Júlíusdóttir – Demanta
Stefanía Sigurþórsdóttir – Demanta
Sigmar Marijón Friðriksson – Demanta

**Aðvenutmót**

Eiríkur Ingi Ólafsson – Demanta
Anton Vigfús Guðmundsson – Demanta
Sunneva Dögg Friðriksdóttir – Demanta
Sylwia Sienkiewicz – Demanta
Sandra Ósk Elíasdóttir – Demanta
Birta María Falsdóttir – Demanta
Berglind Björgvinsdóttir – Demanta
Gunnlaugur Björn Guðmundsson – Gull
Gabríel Snær Andrason – Gull
Arna Rún Arnadóttir – Gull
Erna Rós Agnarsdóttir – Gull
Kolbrún Eva Pálmadóttir – Gull
Sigrún Helga Guðnadóttir – Gull
Birta Líf Ólafsdóttir – Gull
Ágústa Marý Einarsdóttir – Gull
Maren Rós Sævarsdóttir – Gull
Andri Sævar Arnarsson - Silfur
Ingvar Breki Karlsson – Silfur
Joseph Socates Petterle – Silfur
Eva Rút Halldórsdóttir – Silfur
Erna Guðrún Jónsdóttir – Silfur
Elín Óla Klemenzdóttir – Brons

**Langsundsmót 25m laug**

Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir - Demanta
Gunnhildur Björg Baldursdóttir – Demanta
Eydís Ósk Kobeinsdóttir – Demanta
Heiðrun Katla Jónsdóttir – Demanta
Karen Mist Arngeirsdóttir – Demanta
Laufey Jóna Jónsdóttir – Demanta

## Sérsveitin Tímabil 4

Hamingjuóskir til þeirra sundmanna sem hafa náð í sérsveitina á tímabili 4. Sérsveitin er hvatningarkerfi fyrir þá sem vilja vera framúrskarandi. Eftirtaldir sundmenn fá kr. 2.500 inn á sundsjóð sinn fyrir að ná sínu fjórða tímabili. Þetta hvatningarkerfi er aðeins fyrir þá sem eru í Afrekshópi. Það þarf mikla skuldbindingu til að ná þessum árangri.

Jóna Helena Bjarnadóttir
Kristófer Sigurðsson
Jóhanna Júlía Júlíusdóttir
Ólöf Edda Eðvarðsdóttir
Baldvin Sigmarsson
Þröstur Bjarnason
Birta María Falsdóttir
Laufey Jóna Jónsdóttir

Hamingjuóskir einnig til þeirra sem voru að ná sínu þriðja tímabili í Sérsveitina. Þessir sundmenn fá 2.000 kr. inná sundsjóð sinn.

Berglind Björgvinsdóttir
Íris Ósk Hilmarsdóttir

Hamingjuóskir til allra. Haldið svona áfram!

## Kastljósið – Afrekssundmenn mánaðarins

# Baldvin Sigmarsson & Jóhanna Júlía Júlíusdóttir

**Lesið meira um þessa sundmenn og liðið okkar í Víkurfréttum: http://www.vf.is/Ithrottir/50748/default.aspx**






## Afrekshópur - Ant

Nóvember hefur verið brjálaður mánuður með erfiðum æfingum, góðri frammistöðu og núna í lokin veikindum.

ÍM25 var yfirhöfuð gott mót þar sem flestir sundmenn voru að ná mjög háu hlutfalli bestu tíma og margir náðu 100% bestu tímum en það er það sem við eigum að búast við á Íslansmeistaramótum. Einnig náðum við mjög góðum árangri á tveimur langsundmótum og að sjálfsögðu á Aðventumótinu þar sem hundruð meta voru slegin af sundmönnum félagsins. Sundmenn í Afrekshópi spiluðu stórt hlutverk í að bæta þessi met.

Frábær mánuður hjá Baldvini Sigmarssyni sem setti fjögur íslensk drengjamet í 200m flugsundi og 400m fjórsundi í 25m og 50m laug. 200m flugsundið var sérlega glæsilegt þar sem gamla metið var frá 1997, afar vel gert Baldvin. En þessi met koma ekki af sjálfu sér. Baldvin mætir mjög vel á æfingar og vinnur vel alla daga.

Annar sundmaður sem var að standa sig afar vel þennan mánuðinn var Jóhanna Júlía sem nálgast óðfluga Íslandsmetin, náði einu í þessum mánuði en tapaði því svo til eldri sundmanns þar sem munaði aðeins 10/100. Jóhanna átti frábæran mánuð þar sem hún sýndi mikla breidd í sundinu allt frá 100m flugsundi upp í 1500m skriðsund þar sem hún setti ÍRB met, eitt margra í mánuðinum. Jóhanna er mjög einbeitt og einbeiting hennar að sínum markmiðum er alltaf að aukast. Þetta er gaman að sjá.

Veikindi hafa plagað hópinn síðustu vikurnar. Þótt að við getum sagt að þetta sé algengt á þessum tíma ársins þá verðum við að gera allt sem við getum til að halda okkur hraustum, heitum og geta þannig stundað æfingar af kappi. Sundmenn hafa tekið eftir hve fljótt þeir detta úr formi þegar þeir verða veikir og þess vegna verðum við að gera allt til að koma í veg fyrir að verða veik.

Meiðsli hafa einnig komið niður á einstökum sundmönnum. Við vitum að slysin gerast en sundmenn verða að passa vel upp á líkamann því án hans geta þeir ekki synt.

**Sundmaður mánaðarins er Baldvin Sigmarsson**

Enginn getur þrætt fyrir að þessi ungi maður hefur átt frábærar vikur og þrátt fyrir veikindi undir lok mánaðarins gafst hann aldrei upp, mætti alltaf á æfingar þegar hann gat og æfði eins og enginn væri morgundagurinn. Hann hefur gífurlegan metnað fyrir sundi, getur og vill vinna að markmiðum sínum. Vel gert Baldvin!

## Framtíðarhópur – Eddi

Nóvember var sérlega skemmtilegur og árangursríkur hjá sundmönnum í Framtíðarhópi. Sex sundmenn tóku þátt í Íslandsmeistaramótinu og stóðu sig vel og síðan kepptu allir á innanfélagsmótunum okkar (Aðventu- og langsundsmótið). Krakkarnir settu tugi Njarðvíkur- og Keflavíkurmeta auk fjölda ÍRB meta. Nú verður tekið vel á því í desember og æft meira og betur en oft áður.



**Sundmaður mánaðarins er Ingi Þór Ólafsson**

Ingi Þór er sundmaður mánaðarins að þessu sinni. Ingi var óheppinn með veikindi framan af hausti en hefur náð góðri samfellu í æfingarnar undanfarna tvo mánuði og þá er ekki að sökum að spyrja um bætingar sem hafa verið mjög góðar á síðustu mótum. Ingi er hvers manns hugljúfi á æfingum og leggur hart að sér til að ná góðum árangri. Drengurinn á svo sannarlega framtíðina fyrir sér ef svo heldur áfram sem horfir.

## Eldri Hópur – Ant og Eddi

Það hefur margt skemmtilegt verið að gerast í Eldri hópi sl. mánuð. Helga Kristín, Sóley Ósk og Hólmfríður Rún kepptu allar á ÍM25 og sumar voru að ná sínum bestu tímum. Vel gert dömur. Það sem stóð þó upp úr var þegar Sóley synti 1500m flugsund á einu af langsundmótunum, sem svo sannarlega ekki auðvelt en sýnir mikinn styrk og hugrekki. Vel gert Sóley!

## Háhyrningar, Flugfiskar og Sprettfiskar Njarðvíkurskóli–Steindór







Æfingar í mínum hópum ganga mjög vel. Börnin eru dugleg, hlusta vel og leggja sig fram um að ná meiri færni í sundlauginni. Þau hafa undanfarna daga verið að bæta alveg ótrúlega mörg ÍRB- Njarðvíkur- og Keflavíkurmet og er ég mjög stoltur af þessum duglegu börnum. Einnig hafa boðsundsveitir hnokka og hnáta verið duglegar að setja met. Mæting, stundvísi, dugnaður og kurteisi, eru þeir kostir sem mikilvægastir eru hjá öllum, bæði í íþróttum sem og í lifinu almennt og þessir krakkar eru mjög duglegir að æfa sig í þeim þáttum. Áfram ÍRB.

**Sundmaður mánaðarins hjá Háhyrningum er Diljá Rún Ívarsdóttir**

Diljá mætir vel, er stundvís, dugleg og kurteis.

**Sundmaður mánaðarins hjá Flugfiskum er Óðinn Örn Brynjarsson**

Óðinn mætir vel, er stundvís, duglegur og kurteis.

**Sundmaður mánaðarins hjá Sprettfiskum er Óliver Andri Einarsson**

Óliver mætir vel, er stundvís, duglegur og kurteis.

**Boðsundssveit hnokka.**



**Þessi sveit hefur verið dugleg að setja met í boðsundum.**

## Sverðfiskar Vatnaveröld – Sóley

Sverðfiskar í Vatnaveröld halda áfram að verið duglegir að æfa og hafa mætt mjög vel líkt og í september og október.

Haldið var áfram að vinna með tæknina, snúninga, rennsli og innkomu í bakkann.

Aðventumót ÍRB var síðan haldið í lok nóvember 25.-27. Sverðfiskarnir stóður sig mjög vel og voru allir að bæta sína fyrri tíma og einnig settu einstaklingar í hópnum ÍRB-, Keflavíkur- og Njarðvíkurmet. Þetta eru þau Guðný Birna, Arna Rún, Ingvar Breki og Andri Sævar og settu þau nærri 30 met saman ☺

Mikil framför var hjá öllum í því að synda sundin rétt og var gaman að sjá hve miklar framfarir hafa orðir frá því í haust.

Það voru einnig nokkrir sundmenn sem náði lágmörkum upp í Háhyrninga, aðlögunaræfingar TS eftir Aðventumótið og eiga þau kosta á því að mæta á æfingar með Háhyrningum á miðvikudögum. Þetta eru þau Guðný Birna, Andri Sævar, Arna Rún, Birta Líf, Erna Guðrún, Erna Rós, Gunnlaugur Björn, Ingvar Breki og Sigrún Helga
Það er einn sundmaður sem hefur mætt á allar æfingar í nóvember og er það Guðný Birna Falsdóttir, Glæsilegt ☺



Mestu framfarir nóvember mánaðar hljóta þær Erna Guðrún og Birta Líf en þær hafa tekið miklum framförum og eru báðar á góðri uppleið.

**Sundmaður nóvember mánaðar er Arna Rún Árnadóttir.**

Arna Rún hefur sýnt mikinn áhuga og staðið sig mjög vel og lagt sig 100 % fram á hverri einustu sundæfingu. Arna Rún stóð sig mjög vel á sundmótinu og bætti sig mikið frá því áður. Til hamingju Arna Rún með þennan flotta árangur ☺

## Sverðfiskar, Flugfiskar og Sprettfiskar Akurskóli – Hjördís

Krakkarnir í Akurskóla hafa verið að sýna mikla framfarir í lauginni. Við lögðum mikla áherslu á að allir kynnu að stinga sér og var það orðið að skemtilegum húlla leik undir lokin. =) Sverðfiskar fóru og syntu á Aðventumótinu sem var síðustu helgina í nóvember og gekk þeim öllum mjög vel. Allir að bæta tímana sína og einnig voru margir að synda sund í fyrsta skiptið. Einnig er gaman að segja frá að allir

hafa náð að bæta sig í Ofurhuga og komast í TS fyrir Háhyrninga og var það mikil spenna að ná því markmiði. Sprettfiskar og Flugfiskar ætla að synda á jólamótinu sem haldið er núna í desember og er mikil tilhlökkun hjá þeim öllum. Þau hafa öll sýnt svo miklar framfarir að þau hlakkar til að sýna mömmu og pabba hversu flott sundið þeirra er orðið. Ég hlakka til að sjá alla þessa frábæru sundmenn á komandi ári =)



**Sundmaður mánaðarins í Sverðfiskum í nóvember er Águsta Marý Einarsdóttir**

Ágústa synti núna í lok nóvember á Aðventumóti ÍRB. Ágústa var að synda í fyrsta skiptið 400m skriðsund og stóð hún sig mjög vel. Hún er mjög dugleg að mæta og er til fyrirmyndar hvað hún er stundvís og samviskusöm. Hún er komin í TS hóp til að komast upp í Háhyrninga og hefur verið dugleg að mæta hjá Steindóri á miðvikudögum og hlakkar mikið til.

**Sundmaður mánaðarins í Flugfiskum í nóvember er Elín Alda Hjaltadóttir**



Elín Alda er sundmaður mánaðarinns í Flugfiskum í Akurskóla. Hún hefur verið mjög dugleg að mæta og er einnig mjög stundvís. Hún hefur mikið verið að laga sundið hjá sér til hins betra, bætt mikið í hraðan og tekur fyrirmælum vel. Hún ætlar einnig að synda á Jólamóti ÍRB.

**Sundmaður mánaðarins í Sprettfiskum í nóvember er Anita Yrr Taylor**



Anita Yrr er valin sundmaður mánaðarins fyrir Sprettfiska hópinn í Akurskóla. Anita er mjög dugleg að mæta og er alltaf stundvís. Hún hefur verið dugleg að bæta tæknina sína í sundunum og er mikil tilhlökkun fyrir Jólamótinu.

## Flugfiskar og Sprettfiskar Heiðarskóli – Marín



**Flugfiskar:** Nóvember mánuður hefur gengið vel enda ekki við öðru að búast af svona flottum krökkum. Þau standa sig vel á öllum æfingum og koma mér sífellt á óvart. Þau taka einnig þátt á jólamótinu 7.desember og ég er mjög spennt að sjá þau synda og vonast að sjálfsögðu til að eitthver syndi nógu hratt til að geta farið í aðlögun upp í næsta hóp. Það er jú það sem við höfum stefnt að.

**Sundmaður mánaðarins í Flugfiskum í nóvember er Benedikt Már Helgason**



Benedikt eða Bensi eins og hann vill að ég kalli hann er mjög duglegur og kraftmikill strákur. Í þessum mánuði hefur hann sýnt mér að hann er gott efni í framtíðarsundmann og á vel heima í næsta hópi. Vonandi gengur allt upp á jólamótinu. Bensi vandar sig í sundtökunum en sýnir samt að hann geti synt ansi hratt. Hann er líka alltaf til í meira og bíður eftir því að ég segi að þau megi fara af stað (enda er hann alltaf fyrstur). Haltu svona áfram Bensi og þú átt framtíðina fyrir þér ☺

**Sprettfiskar:** Nóvember hefur gengið ágætlega. Krakkarnir halda áfram að æfa og nú fer að koma að jólamótinu þar sem allir sýna vonandi hvað þeim hefur farið fram. Jólamótið er 7.desember og ég hvet alla foreldra að mæta og horfa á sín börn. Enn einu sinni vil ég brýna fyrir foreldum að láta börnin koma með sundgleraugu á æfingu, það er ómögulegt að helmingurinn mætir ekki með gleraugu og vill fá lánuð.

**Sundmaður mánaðarins í Sprettfiskum í nóvember er Ása Gísladóttir**

Ása er rosalega dugleg og er alltaf tilbúin að hlusta og leggja sig fram. Hún gerir alltaf sitt besta á hverri æfingu og er mjög stillt og prúð. Ég hlakka til að sjá hana á Jólamótinu, hún á eftir að standa sig vel. Haltu áfram að vera svona dugleg eins og þú ert ☺

## Laxar, Silungar og Gullfiskar Akurskóli – Helga

Nóvember hefur gengið vel í Akurskóla. Laxar hafa æft stíft fyrir jólamótið og eru flest tilbúin að takast á við þá þolraun. Þau fengu að spreyta sig í 25m lauginni í Vatnaveröld. Það gekk ekki áfallalaust og var kuldinn m.a. að stríða þeim. Silungar skelltu sér í leikjagarðinn í Vatnaveröld. Þar skemmtu þeir sér í krókódílaleik, feluleik og hringekju. Það fjölgaði um einn í Gullfiskum og bjóðum við Tómas Inga hjartanlega velkominn.



## Laxar, Silungar og Gullfiskar Heiðarskóli og Njarðvíkurskóli–Sóley

Sundskólarnir í Heiðarskóla og Njarðvíkur sundlauginni halda áfram að ganga vel.



Sundmennirnir eru duglegir að mæta og er alltaf mikið fjör í lauginni á meðan sundæfingin er. Í nóvember héldu Gullfiskarnir áfram að æfa köfunina og finna öryggið með og án armkúta. Silungar héldu áfram að synda í djúpu lauginni með og án kúta eða annara hjálpatækja. Laxar voru að auka öryggi sitt án kúta í djúpulauginni og udirbúa sig fyrir Jólamótið í desember.

Sundmennirnir fengu Dótaæfingu og Eplaæfingu í nóvember og ríkti mikil hamingja að fá epli eftir góða sundæfingu og eins að fá að koma með dót að heiman ☺



Áhersla er enn og aftur lögð á að finna öryggi í sundlauginni/vatni, bæði með og án kúta, í grunnu lauginni og í djúpu lauginni, hafa gaman og læra að synda grunntökin. Við höfum verið að synda eins og fiskar, ísbirnir, hafmeyjur og bátar sem er grunnurinn í því að synda skriðsund, bringusund, baksund og flugsund.

## Dagatal

Desember

| | |
|---|---|
| 7. | Jólamót |
| 8. – 11. | EM25 |
| 9. – 11. | NMU |

## Styrktaraðilar

Landsbankinn

nettó

HS VEITUR HF

HS ORKA HF

speedo